

2509299

17. september 2025

Heill og sæll Bragi

Bergrisinn bs. óskar hér með eftir því að næsta búsetuúrræði á vegum félagsins verði staðsett í Árborg sbr. uppbyggingaráætlun Bergrisans. Miðað við stærð Árborgar í byggðasamlaginu og að teknu tilliti til biðlista má ætla að annað hvert nýtt búsetuúrræði ætti að vera staðsett í Árborg. Áætlað er að í búsetuúrræðinu verði 6-7 íbúðir ásamt starfsmannarýmum og að Brák íbúðafélag hses. verði eigandi hússins og fjármagni byggingu þess en að Árborg komi að fjármögnuninni með stofnframlagi skv. reglum þar um. Rekstur starfseminnar verður síðan á höndum Árborgar með fullu framlagi frá Bergrisanum.

Vonar Bergrisinn að Árborg taki jákvætt í erindið og verði það raunin óskar Bergrisinn jafnframt eftir góðu samstarfi við Árborg um mögulega staðsetningu á nýju úrræði.

Með góðri kveðju

Bjarki R. Kristjánsson

Skrifstofustjóri

Bergrisinn bs.

Arnardrangur hses.